# Sýn hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

### 1. janúar til 31. mars 2022




vodafone · Vísir · SPORT · BYLGJAN 989 · FM957 · X 977 · ENDOR

Sýn hf. Suðurlandsbraut 8 108 Reykjavík kt. 470905-1740

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Fjárhagslegar lykiltölur | 4 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Eiginfjáryfirlit | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar við samandreginn árshlutareikning | 9 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Sýnar hf. og dótturfélags þess, Endor ehf., ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

## Um Sýn

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, Xið og fleiri landsþekkta miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu undir vörumerkjum Vodafone á Íslandi og dótturfélagsins Endor ehf. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

## Rekstur fjórðungsins

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 5.682 millj. kr. samanborið við 5.000 millj. kr. á sama tímabili 2021. Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 207 millj. kr. en tap að fjárhæð 231 millj. kr. var á sama tímabili 2021. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 32.518 millj. kr. í lok tímabilsins. Eigið fé samstæðunnar nam 8.856 millj. kr. og var eiginfjárhlutfallið 27,2%.

## Kaup á eigin bréfum

Í ársbyrjun 2022 ákvað stjórn að setja í gang endurkaupaáætlun í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutafé félagsins. Endurkaupaáætlunin hófst með öfugu útboði þann 7. janúar sem lauk 9. janúar. Til viðbótar voru sett í gang regluleg endurkaup sem stóðu yfir frá 13. janúar til 3. mars. Félagið keypti í heild 28.064.512 hluti eða 9,47% af útgefnu hlutafé fyrir 1.860 millj. kr. Á aðalfundi félagsins þann 18. mars var samþykkt tillaga stjórnar um að lækka hlutafé í samræmi við fjölda eigin hluta. Lækkunin var framkvæmd þann 12. apríl og eru útgefnir hlutir í félaginu 268.376.962 eftir lækkunina.

## Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðu Sýnar hf. í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. mars 2022 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2022.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. maí 2022

## Stjórn

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, varaformaður

Jóhann Hjartarson

Páll Gíslason

Sesselía Birgisdóttir

## Forstjóri

Heiðar Guðjónsson

# Fjárhagslegar lykiltölur

| | 2022<br>1F | 2021<br>1F* |
|---|---|---|
| **Fjárhagsupplýsingar** | | |
| Heildartekjur | 5.682 | 5.000 |
| Rekstrarhagnaður | 401 | 42 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 259 | ( 244) |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | 207 | ( 231) |
| Hagnaður (tap) á hlut | 0,77 | ( 0,78) |
| Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum | 285 | 231 |
| Fjárfestingar í sýningarrétti | 531 | 576 |
| Handbært fé frá rekstri | 1.107 | 542 |
| **Frammistöðumat** | | |
| EBITDA tímabilsins | 1.710 | 1.388 |
| EBITDA hlutfall tímabilsins | 30,1% | 27,8% |
| Frjálst fjárflæði (FCF)** | 484 | ( 119) |

| | 31.12<br>2022 | 31.12<br>2021 |
|---|---|---|
| Hreinar vaxtaberandi skuldir | 15.813 | 14.073 |

* Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 5.

**Frjálst fjárflæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt að frádregnum fjárfestingahreyfingum.

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. mars 2022

| | Skýr. | 2022 1F | 2021 1F* |
|---|---|---|---|
| **Seldar vörur og þjónusta** | 6 | 5.682 | 5.000 |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | 7 | ( 3.666) | ( 3.375) |
| **Framlegð** | | 2.016 | 1.625 |
| Rekstrarkostnaður | 8 | ( 1.615) | ( 1.583) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 401 | 42 |
| Fjármunatekjur | | 21 | 5 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 221) | ( 144) |
| Gengismunur | | 58 | 46 |
| Hrein fjármagnsgjöld | | ( 142) | ( 93) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 0 | ( 193) |
| **Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt** | | **259** | **( 244)** |
| Tekjuskattur | | ( 52) | 13 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | **207** | **( 231)** |
| ***Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:*** | | | |
| Þýðingarmunur | | ( 26) | ( 37) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | | **181** | **( 268)** |
| Hagnaður (tap) á hlut | | 0,77 | ( 0,78) |

* Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 5.

*Skýringar á bls. 9-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.*

# Efnahagsreikningur

31. mars 2022

| | Skýr. | 31.3.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Leigueignir | | 7.918 | 8.049 |
| Rekstrarfjármunir | | 3.169 | 3.212 |
| Viðskiptavild | | 8.862 | 8.888 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 4.398 | 4.469 |
| Eignahlutir í félögum | | 67 | 62 |
| Tekjuskattsinneign | | 36 | 26 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 24.450 | 24.706 |
| | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Sýningarréttir | | 1.695 | 1.762 |
| Birgðir | | 458 | 356 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 10 | 3.822 | 5.463 |
| Handbært fé | | 2.093 | 4.214 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 8.068 | 11.795 |
| **Eignir samtals** | | 32.518 | 36.501 |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 2.684 | 2.964 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 885 | 2.465 |
| Annað eigið fé | | 65 | 69 |
| Óráðstafað eigið fé | | 5.222 | 5.037 |
| **Eigið fé** | | **8.856** | **10.535** |
| | | | |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | | 5.055 | 4.965 |
| Leiguskuldbindingar | | 11.230 | 11.393 |
| Aðrar langtímaskuldir | | 180 | 180 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 66 | 19 |
| **Langtímaskuldir samtals** | | **16.531** | **16.557** |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | | 475 | 723 |
| Leiguskuldbindingar | | 1.146 | 1.206 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 11 | 5.510 | 7.480 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | **7.131** | **9.409** |
| **Skuldir samtals** | | 23.662 | 25.966 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 32.518 | 36.501 |

*Skýringar á bls. 9-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.*

# Eiginfjáryfirlit

## 1. janúar til 31. mars 2022

| | Hlutafé | Yfirverð | Annað eigið fé: Þýðingar-munur | Annað eigið fé: Bundinn reikningur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1. til 31.3.2021** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2021 | 2.964 | 2.465 | 163 | 147 | 2.810 | 8.549 |
| Tap tímabilsins | - | - | - | - | ( 231) | ( 231) |
| Þýðingarmunur | - | - | ( 37) | - | - | ( 37) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | 0 | 0 | ( 37) | 0 | ( 231) | ( 268) |
| Þýðingarmunur færður út vegna sölu | | | ( 73) | | | ( 73) |
| Tap hlutdeildafélaga | | | | ( 16) | 16 | 0 |
| **Eigið fé 31.3.2021** | **2.964** | **2.465** | **53** | **131** | **2.595** | **8.208** |
| **1.1. til 31.3.2022** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2022 | 2.964 | 2.465 | 49 | 20 | 5.037 | 10.535 |
| Hagnaður tímabilsins | - | - | - | - | 207 | 207 |
| Þýðingarmunur | - | - | ( 26) | - | - | ( 26) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | 0 | 0 | ( 26) | 0 | 207 | 181 |
| Keypt eigin bréf | ( 280) | ( 1.580) | - | - | - | ( 1.860) |
| Hagn.dóttur fél. umfram arðgr. | - | - | - | 22 | ( 22) | 0 |
| **Eigið fé 31.3.2022** | **2.684** | **885** | **23** | **42** | **5.222** | **8.856** |

Á fjórðungnum keypti félagið 28.064.512 hluti eða 9,47% af útgefnu hlutafé fyrir 1.860 millj. kr. Eftir lok tímabilsins, þann 12. apríl, var hlutaféð lækkað í samræmi við fjölda eigin hluta og eru útgefnir hlutir í félaginu 268.376.962 eftir lækkunina.

*Skýringar á bls. 9-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.*

# Sjóðstreymisyfirlit

## 1. janúar til 31. mars 2022

| | Skýr. | 2022 1F | 2021 1F |
|---|---|---|---|
| **Hagnaður (tap) tímabilisins samkvæmt rekstrarreikningi** | | 207 | ( 231) |
| **Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:** | | | |
| Afskriftir | 9 | 1.309 | 1.346 |
| Söluhagnaður | | ( 2) | - |
| Hrein fjármagnsgjöld | | 142 | 93 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | - | 193 |
| Tekjuskattur | | 52 | ( 13) |
| **Veltufé frá rekstri** | | **1.708** | **1.388** |
| **Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:** | | | |
| Birgðir, breyting | | ( 93) | ( 48) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting | | 1.595 | ( 77) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting | | ( 1.907) | ( 575) |
| **Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt** | | **1.303** | **688** |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 21 | 5 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 215) | ( 143) |
| Greiddur tekjuskattur | | ( 2) | ( 8) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | **1.107** | **542** |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 167) | ( 118) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 118) | ( 113) |
| Fjárfesting í sýningarrétti | | ( 531) | ( 576) |
| Sala rekstrarfjármuna | | 2 | - |
| Keyptir eignarhlutir | | ( 5) | - |
| **Fjárfestingahreyfingar samtals** | | **( 819)** | **( 807)** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir vaxtaberandi skulda | | ( 119) | ( 171) |
| Rekstrarlán, breyting | | ( 40) | 150 |
| Afborgun leiguskuldbindinga | | ( 383) | ( 299) |
| Keypt eigin bréf | | ( 1.860) | - |
| **Fjármögnunarhreyfingar samtals** | | **( 2.402)** | **( 320)** |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 2.114) | ( 585) |
| Handbært fé í byrjun tímabils | | 4.214 | 831 |
| Gengisbreyting á handbæru fé og þýðingarmunur | | ( 7) | ( 6) |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | **2.093** | **240** |

*Skýringar á bls. 9-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.*

# Skýringar

## 1. Félagið

Sýn hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla, og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X 977 og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2022 hefur að geyma árshlutareikning félagsins, dótturfélags þess, Endor ehf. og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar".

## 2. Reikningsskilin

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2022 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreikningsins 2021. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2021. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins www.syn.is. og á vef Kauphallar Íslands, www.nasdaqomxnordic.com.

### b. Mat stjórnenda á reikningsskilum

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## 3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

## 4. Starfsþáttayfirlit

Félagið skilgreinir starfsþætti eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og telst samstæðan í heild vera einn starfsþáttur.

# Skýringar, frh.:

## 5. Breyting á samanburðartölum

Breyting var gerð á flokkun þjónustugjalda tengdum auglýsingatekjum á öðrum ársfjórðungi árið 2021. Þjónustugjöldum var áður jafnað á móti tekjum en hafa nú verið endurflokkuð yfir í kostnaðarverð seldra vara og þjónustu. Fjárhæðum vegna fyrsta fjórðungs 2021 hefur verið breytt til samræmis. Sjá nánar í skýringu hér að neðan:

| | Endurgert 2021 1F | Breyting | 2021 1F |
|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 5.000 | 38 | 4.962 |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | ( 3.375) | ( 38) | ( 3.337) |

## 6. Seldar vörur og þjónusta

| Seldar vörur og þjónusta greinast þannig: | 2022 1F | 2021 1F |
|---|---|---|
| Vörusala | 274 | 293 |
| Seld þjónusta | 5.408 | 4.707 |
| Seldar vörur og þjónusta samtals | 5.682 | 5.000 |

| Tekjustraumar | Fjöl-miðlun | Internet | Farsími | Fastlína | Hýsingar- og rekstrar lausnir | Vörusala | Aðrar tekjur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1. til 31.3.2022** | | | | | | | | |
| Tekjur | 2.107 | 1.122 | 1.401 | 129 | 465 | 274 | 184 | 5.682 |
| **1.1. til 31.3.2021** | | | | | | | | |
| Tekjur | 1.956 | 1.145 | 939 | 140 | 313 | 293 | 214 | 5.000 |

# Skýringar, frh.:

## 7. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig: | 2022<br>1F | 2021<br>1F |
|---|---|---|
| Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu | 2.059 | 1.780 |
| Laun og launatengd gjöld | 614 | 574 |
| Eignfærð laun | ( 35) | ( 37) |
| Afskriftir | 1.028 | 1.058 |
| **Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals** | **3.666** | **3.375** |

## 8. Rekstrarkostnaður

| Rekstrarkostnaður greinist þannig: | 2022<br>1F | 2021<br>1F |
|---|---|---|
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 407 | 354 |
| Sölu- og markaðskostnaður | 80 | 118 |
| Laun og launatengd gjöld | 926 | 865 |
| Eignfærð laun | ( 79) | ( 43) |
| Afskriftir | 281 | 289 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **1.615** | **1.583** |

## 9. Afskriftir

| Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig: | 2022<br>1F | 2021<br>1F |
|---|---|---|
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 220 | 257 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 179 | 181 |
| Afskriftir afnotaréttar | 311 | 285 |
| Afskriftir sýningarréttar | 599 | 625 |
| **Afskriftir samtals** | **1.309** | **1.346** |

## 10. Viðskiptakröfur

| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig: | 31.3.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 3.393 | 3.326 |
| Viðskiptakrafa vegna sölu óvirkra innviða | - | 1.649 |
| Aðrar skammtímakröfur | 342 | 392 |
| Leigukröfur | 182 | 187 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | ( 95) | ( 91) |
| **Viðskiptakröfur samtals** | **3.822** | **5.463** |

# Skýringar, frh.:

## 11. Viðskiptaskuldir

| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig: | 31.3.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 3.659 | 3.867 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | 429 | 360 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur vegna sölu óvirkra innviða | - | 1.649 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 376 | 485 |
| Ógreiddur áfallinn kostnaður og aðrar skammtímaskuldir | 1.046 | 1.119 |
| **Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals** | **5.510** | **7.480** |

## 12. Önnur mál

Sýn hf. á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðargreiðslur með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurða, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið. Um málarekstur Sýnar hf. vísast í ársreikning 2021 en engar verulegar breytingar hafa átt sér stað frá árslokum 2021.